

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
804 Selfoss

Reykjavík, 2. mars 2020
UST202001-390/A.G.E.
09.04.03

Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlýst svæði í Þjórsárdal

Í janúar 2020 voru svæði í Þjórsárdal friðlýst skv. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 110/2020. Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er það hlutverk Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði.

Umhverfisstofnun hefur nú hafið undirbúning að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlýsta svæðið. Stjórnunar- og verndaráætlun er ætlað að fjalla um markmið með verndun svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess.

Umhverfisstofnun hefur gefið út handbók um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar þar sem meðal annars er að finna leiðbeiningar varðandi gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Verða þær leiðbeiningar hafðar til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar. Leiðbeiningarnar má finna á heimasíðu [Umhverfisstofnunar](#).

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlana er lögð mikil áhersla á samráð og samstarf við hagsmunaaðila og í samstarfshópi um gerð áætlanna eru að jafnaði fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landeigenda og ef tilefni er til aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðilar. Umhverfisstofnun óskar hér með eftir að Skeiða- og Gnúpverjahreppur tilnefni fulltrúa í samstarfshóp um gerð áætlunarinnar.

Þegar tilnefningar hafa borist í samstarfshópinn mun Umhverfisstofnun boða til fundar.

Nánari upplýsingar gefa Aron Geir Eggertsson og Hákon Ásgeirsson, í síma 591 2000 eða í gegnum netföngin: Aron.geir@ust.is og Hakon@ust.is. Vinsamlegast sendið tilnefningu til Arons í síðasta lagi 13. mars 2020.

Virðingarfyllst



Aron Geir Eggertsson
sérfræðingur



Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri